



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORVARNARDAGURINN 2011

FORSETAHJÓNIN HEIMSÆKJA SKÓLA Á AKUREYRI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú heimsækja skóla á Akureyri í tilefni þess að í dag er haldinn Forvarnardagur í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.

Heimsóknin hófst í morgun í Giljaskóla og þaðan fara forsetahjónin í Lundarskóla. Síðan munu þau fyrir hádegi heimsækja Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann.

Forvarnardagurinn byggist á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem sýna hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis.

Aðstandendur Forvarnardagsins eru auk forsetaembættisins mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Rannsóknir og greining og Félag íslenskra framhaldsskóla. Forvarnardagurinn er nú eins og áður skipulagður með myndarlegum stuðningi lyfjafyrirtækinu Actavis.

5. október 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).